

Samkomulag milli Afls Starfsgreinafélags, RSÍ og Alcoa Fjarðaáls vegna vinnu við gerð nýs kjarasamnings

Í viðræðum Fjarðaáls, Afls og Rafiðnaðarsambandsins hefur komið fram með skýrum hætti að fjölmörg samningsatriði sem taka þarf til endurskoðunar krefjast mikillar vinnu af hálfu allra aðila. Samstaða er um þörf fyrir ýmsar breytingar og sameiginlegur skilningur aðila svo að lenda megi góðum niðurstöðum þurfi ráðrúm og tíma.

Ýmsar aðstæður á vinnumarkaði eru óljósar. Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru lausir og aðstæður óljósar. Aðilar eru sammála um að það þjóni ekki hagsmunum þeirra að semja fyrstir á markaði við slíkar aðstæður.

Alcoa Fjarðaál mun greiða tvær eingreiðslur til starfsmanna á frestunartímabilinu og gerð verður ný viðræðu- og verkáætlun sem miðar að endurnýjun kjarasamningsins áður en neðangreindur frestur rennur út.

Frestun:

- Aðilar eru sammála um að í nýrri viðræðu- og verkáætlun verði stefnt að undirritun samnings eigi síðar en 30. apríl 2011. Nýr kjarasamningur tekur gildi við undirritun, dragist að ganga frá samningi fram yfir 1. maí 2011 tekur launaliður samningsins eigi að síður gildi frá og með 1. maí 2011.

Greiðslur:

- Allir starfsmenn sem vinna skv. samningnum fá sérstakar eingreiðslur á tímabilinu:
 - 15. janúar. 135.000.-
 - Með launagreiðslu febrúar mánaðar verður greidd starfsaldurstengd eingreiðsla, starfsaldur miðist við 1. mars 2011.

Starfsaldur	Janúar	Febrúar	Samtals
0 – 5 mánuðir	135.000	41.250	176.250
6 – 11 mánuðir	135.000	56.528	191.528
12 – 23 mánuðir	135.000	82.500	217.500
24 – 35 mánuðir	135.000	123.750	258.750
36+ mánuðir	135.000	165.000	300.000

- Litið verði á þessar eingreiðslur sem fullnaðargreiðslur fyrir frestunartímabilið og ekki verði farið fram á afturvirkar hækkningar innan þess tímabils sem samkomulag þetta nær til, við endurnýjun samningsins.

Viðræðu- og verkáætlun:

Gerð hefur verið ný viðræðu- og verkáætlun samanber fylgiskjal 1. Með nýrri viðræðu- og verkáætlun verði tryggt að ekki komi rof í þá góðu vinnu sem þegar er hafin. Auk þess að gera nýja tímaáætlun skulu samningsaðilar einnig ræða nálgun við skilgreindar greinar eða kafla samningsins m.a. með skipan verkefnahópa og samvinnu við viðeigandi nefndir Fjarðaáls í huga. Dæmi um slíkar greinar/kafla eru:

- Starfsaldurs- og hæfnistigi.
- Stóriðjuskóli.
- Frammistöðuávinningur.

Kynning:

Lögð verði áhersla á að allir starfsmenn sem samningurinn snertir fái í hendur greinargóðar upplýsingar um ástæður þess að velja þessa leið. Einnig verði lögð áhersla á að þegar hafi náðst málefnaleg samstaða um mikilvæg efnisatriði, s.s. starfsaldurs- og hæfnistiga og þróun stóriðjunáms. Öllum verði ljóst að ekki er ágreiningur um þörfina fyrir þessar breytingar en að enn sé nokkuð í land með að útfærslur verði fullmótaðar.

Reyðarfirði 9. desember 2010

Fh. Alcoa Fjarðaál sf

Fh. Rafiðnaðarsambands

Fh. Afls Starfsgreinafélags

Fylgiskjal 1.

Viðræðu- og verkáætlun.

Samningsaðilar eru sammála um gerð samkomulagsins tefji ekki viðræður um endurnýjun á kjarasamningi aðila.

Unnið verði áfram við gerð hans samkvæmt eftirfarandi tímaplani:

1. Kafli - vinnu verði lokið í lok apríl.
2. Kafli -vinnu verði lokið um miðjan apríl
3. Kafli -vinnu verði lokið um miðjan apríl
4. Kafli - vinnu verði lokið í lok mars
5. Kafli - vinnu verði lokið um miðjan apríl
6. Kafli -vinnu verði lokið um miðjan mars
7. Kafli -vinnu verði lokið um miðjan mars
8. Kafli -vinnu verði lokið um miðjan apríl
9. Kafli -vinnu verði lokið í lok apríl
10. Kafli -vinnu verði lokið í lok mars
11. Kafli -er tilbúinn
12. Kafli -vinnu verði lokið um miðjan mars
13. Kafli -vinnu verði lokið í lok apríl

Fylgiskjöl/bókanir - vinnu verði lokið í lok apríl.

Reyðarfirði 9. desember 2010

Fh. Alcoa Fjarðaál sf

Fh. Rafiðnaðarsambands

Fh. Afls Starfsgreinafélags